

3. september 2010

1. fundur Hugmyndaráðs

Allir fulltrúar aðal og vara mættir

- a) Allir fulltrúar kynntu sig
- b) Við ræddum saman um Hugmyndaráðið og allir sögðu frá hvaða hugmyndir þeir hafa um ráðið. Einnig um hvað þau langar að gera í vetur
- c) Fulltrúar hvers bekkjar fengu fundardagatal fram að jólum til að hengja upp í stofunum sínum.

Erla Baldvinsdóttir

Hugmyndaráð eldra

Allir fulltrúar aðalfulltrúar mættir

- a) Sigríður Heiða kom og sagði frá starfsemi Skólaráðs LNSK. Í framhaldi kusum við varafulltrúa úr 5.bekk og Birta úr 5.S fékk kosningu og situr í ráðinu með Ragnheiði úr 6. Bekk. Ragnheiður er formaður Hugmyndaráðs LNSK og sjálfkrafa fulltrúi í skólaráðinu.
- b) Næst kusum við fulltrúa í Grænfánateymi LNSK og fulltrúi fyrir 6. Bekk er Steinunn Jónsdóttir en fyrir 5.bekk er Alex Rafn Guðlaugsson.
- c) Ragnheiður Líney tók myndir af aðalfulltrúum til að setja í glerskáp Hugmyndaráðsins frammi í sal.

Hugmyndaráð yngra

24. september

Allir aðalfulltrúar yngra ráðsins voru mættir

a) Kosið um fulltrúa í Grænfána teymi skólans

2. bekkur Júlía Helga 2.N

3. bekkur Sveinn Búi 3.S

4. bekkur Guðrún Lilja 4. N

b) Umræður um tilbreytingadaga og upp komu hugmyndir um hverslagt dagar þetta ættu að vera t.d. bláan dag, búninga dag, inniskóadag, hákollu/hattadag.

Hugmyndaráð eldra

1.Október 2010

Mættir voru fulltrúar út öllum 5. Og 6. Bekkjum nema úr 6. L sem var í Katlagili

- a) Ákvörðun tekin um að hafa bleikan dag 8. október til að sína samstöðu með bleikum október krabbameinsfélagsins.
- b) Ragnheiður ogætla að kynna þennan dag á palli fimmtudaginn 7. október.
- c) Ákvörðun tekin um að halda stelpu og strákakvöld fyrir 6. Bekk í nóvember.
- d) Vilji fyrir því að ræða við Unu sem sér um Laugó og fá leyfi til að 6. Bekkur kíkji í heimsókn fljótlega.

21.október

Hugmyndaráð eldra og yngra

- 1) Skoðuðum eineltishringinn og ræddum um einelti í LNSK.
Miklar umræður um hvernig hver og einn bregst við því.
- 2) Undirbúningur undir stráka og stelpu kvöld sem haldin verða í nóvember.

5.nóvember 2010

Hugmyndaráð yngra

Aðalfulltrúar frá öllum bekkjum á yngra stigi mættir til fundar

1) Miklar umræður um nýju söngbókina

Jákvætt	Neikvætt
Flott að hafa myndir inni í bók Betri gormar á nýju bókinni Gott að fletta bókinni	Gatað ofan í textann Of lítið letur Óþægilegt að sami texti skiptist á tvær síður Var betra að hafa skólasöng LNSK á baksíðunni

2) Almennar umræður um skólann okkar hver fulltrúi nefndi eitt atriði sem hann er ánægður með og eitt atriði sem hann er óánægður. Við veltum svo fyrir okkur úrræðum til að bæta óánægjuatriðið.

Ánægja með:	Óánægja með:
Skólalóðina	Það væri betra að hafa snjókastvöll fyrir eldri sér og yngri sér.
Skólastofurnar	Of fáar rólur það myndast löng biðröð og ekki vilja allir skiptast á.
Reglurnar	Margir eru kvíðnir fyrir
Góða kennara	snjófrímínútum því sumir krakkar

Morgunsönginn Skólastjórann	virða ekki reglurnar um að kasta bara snjó á snjókastvelli.
Matinn	Það vantar skólabíl
Dillu „útvörð“	Fáir á útivakt og gera lítið. Margir 5. Og 6. bekkingar nota ljót orð og segja alltaf so what þegar maður er að tala við þá eða spyrja um eitthvað.

3) Fundi slitið þrátt fyrir að enn væru flestin með ýmislegt ósagt 😊

Erla Baldvinsdóttir

7.fundur

Yngra hugmyndaráð

a) Hvað má betur fara í skólanum okkar

Jákvætt	Neikvætt
Skemmtilegir og góðir kennarar	Frímínútnavandamál, eldri krakkar ráðast inn á völlinn hjá yngri krökkum
Dansinn í frímínútunum er skemmtilegur	Skóladagurinn of langur
Morgunsöngurinn	Of fáir virða hægri regluna á göngunum

b) Snjófrímínútur eru ekki skemmtilega samkvæmt yngra Hugmyndaráði og margir krakkar kvíða þessum tíma. Fáir sem skemma fyrir öllum

Erla Baldvinsdóttir.

Fundur 8

Eldra Hugmyndaráð

- 1) Föstudaginn 3. desember verður röndóttur dagur í LNSK. Fulltrúar úr 5. bekk kynna daginn á palli 2. Desember
- 2) Fimmtudaginn 16. desember verður jólasveinahúfudagur í LNSK. Fulltrúar úr 6. bekk kynna daginn á palli 15. Desember.
- 3) Alex og Steinunn sögðu okkur frá vinnunni í Grænfána teyminu og dagskránni sem er fyrirhuguð 1. desember.

Erla Baldvinsdóttir

Hugmyndaráð eldra 14/1 2011

Hönnun á Hugmyndaráðskassanum frammi í sal. Krakkarnir skiptust á skoðunum og komust að niðurstöðu um hvað ætti að prýða kassann o.þ.h.

Vinna hófst á því sem á að vera til sýnis.

Ragga kom og lauk við myndatöku.

Fundur 2 21/1 2011

Lukum við að gera kassann okkar frammi í sal tilbúinn.

Upp kom hugmynd að Hugmyndaráðið þyrfti að eiga sitt eigið merki. Ákváðum að ræða það á fundi með eldra ráðinu í næstu viku.

Allt Hugmyndaráð ásamt skólastjóra

28/1 2011

☺ Ræddum um gulu og grænu miðana sem allir bekkir eru að vinna í þessa dagana. Á gulu miðana á bekkurinn að koma sér saman um 4 kosti LNSK. Á grænu miðana á bekkurinn að koma sér saman um 4 hluti í skólanum sem betur mega fara. Fulltrúar í Hugmyndaráðinu ætla að hnippa í þá kennara sem eru ekki byrjaðir á þessari vinnu.

☺ Foreldrafélag LNSK hefur undanfarin ár staðið fyrir heilsuviku. Foreldraráðið leitaði nú til Hugmyndaráð til að fá hugmyndir um hvað væri hægt að gera til að auka fjölbreytileika heilsuvikunnar. Krakkarnir töluðu um að gaman væri að fá einhvern þekktan einstakling sem er holdgervingur heilbrigðis og nefndu Pál Óskar og Magnús Scheving. Þessum hugmyndum verður komið áfram til foreldrafélagsins.

☺ Yngra Hugmyndaráðið viðraði þá hugmynd að stofna til samkeppni í skólanum um merki Hugmyndaráðs LNSK. Þessi hugmynd lagðist vel í alla aðila og næst á dagskrá er að koma henni í framkvæmd.